

Starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa skv. handbók Heimilis og skóla

Í hverjum bekk eru kosnir tveir til þrír bekkjarfulltrúar til tveggja ára. Í fyrsta bekk eru skipaðir einn til tveir fulltrúar til tveggja ára og einn fulltrúi til eins árs til að stuðla að því að allir hætti ekki á sama tíma.

- **Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf** foreldra/forráðamanna og nemenda auk þess að leitast við að treysta samband heimila og skóla innan hvernar bekkjardeildar.
- **Bekkarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við umsjónarkennara** og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri þegar þess er þörf. Í samvinnu við kennara skipuleggja þeir í upphafi skólaárs almennan fund með foreldrum (á eftir námsefnisfundum) þar sem bekkjarstarf vetrarins er skipulagt og foreldrasáttmáli Heimilis og skóla ræddur.
- **Bekkarfulltrúar fylgjast með því að foreldrastarfið sem ákveðið er í bekknum sé framkvæmt**, t.d. bekkjarkvöld, umræðufundir og heimsóknir. Æskilegt er að skipta foreldrum bekkjarins í 2-5 manna hópa til að skipuleggja einstök verkefni vetrarins. Er þá eitt foreldri hópstjóri og tengiliður við bekkjarfulltrúa. Æskilegt er að eldri nemendur séu hafðir með í ráðum þegar bekkjarstarf vetrarins er skipulagt. Stefnt skal að því að halda a.m.k. þrjár uppákomur/skemmtanir á hverjum vetri.
- Bekkarfulltrúar ræða við umsjónarkennara um skólastarfið og gang mála í bekknum og **miðla upplýsingum til annarra foreldra** t.d. á fundum eða með dreifibréfum/ tölvupósti í samvinnu við umsjónarkennara.
- **Bekkarfulltrúar eru tengiliðir bekkjarins við foreldrafélag (og fulltrúa foreldra í skólaráði)** og sitja í fulltrúaráði foreldrafélagsins sem fundar a.m.k. þrisvar á vetri.
- **Bekkarfulltrúar safna í bekkjarmöppu gögnum** um það sem gert hefur verið í foreldrastarfi í bekknum til dæmis myndum og öðru sem gaman er að eiga sem og ýmsum öðrum gögnum, t.d. frá skólanum, foreldrafélaginu og skólayfirvöldum. Bera ábyrgð á að mappan fylgi bekknum og fari eftir útskrift nemenda á skólabókasafnið.
- Bekkarfulltrúar reyna að **hlusta eftir sjónarmiðum nemenda** varðandi andann í bekknum, bekkjarstarfið og störf foreldra í bekknum.
- **Bekkarfulltrúar aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu** eftir því sem við á, t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningar og heimsóknir foreldra í bekkinn.
- **Bekkarfulltrúar kjósa eftirmenn sína að vori og tilkynna breytingu til stjórnar.** Þeir miðla upplýsingum til nýrra bekkjarfulltrúa og afhenda bekkjarmöppu.
- Bekkarfulltrúar aðstoða stjórn foreldrafélagsins við **framkvæmd einstakra stærri viðburða** s.s. jólaföndur og vorhátíð.
- **Bekkarfulltrúar í 5. – 10. bekk bera ábyrgð á að manna foreldrarölt** þau kvöld sem bekknum er úthlutað. Æskilegt er að foreldrar skrái sig á röltvaktir vetrarins að hausti. Bekkarfulltrúar sjá til þess að minna fólk tímanlega á röltvaktir t.d. með SMS.
 - Bekkarfulltrúar skulu gæta þess að hafa velferð nemenda, foreldra og kennara að leiðarljósi í bekkjarstarfinu og **virða trúnað um persónulega hagi** nemenda og foreldra.